



Fréttatilkynning:

Hagar hf. - Skipulagsbreytingar

Á stjórnarfundum Haga hf. í dag 19. ágúst, voru samþykktar breytingar á skipulagi félagsins. Markmið breytinganna er að einfalda skipulag og gera boðleiðir og ábyrgð skýrari. Einnig að nýta styrk heildarinnar og að ná fram auknu hagræði.


Markvisst er unnið að aukinni samhæfingu hjá fyrirtækinu í heild í kjölfar kaupa Haga á Olíuverzlun Íslands, þannig að stærðarhagkvæmni nýtist á sem flestum sviðum og að félagið geti þjónað viðskiptavinum sínum á besta mögulegan hátt. Með þessum skipulagsbreytingum er starfsemi vöruhúsa færð undir einn hatt, þar með talin vöruhúsastarfsemi Olís. Með breytingunum fæst umtalsvert hagræði. Í þessum skipulagsbreytingum eru stöðsvið vöruhúsa sameinuð auk stöðsviða sérserverslana og Olís. Þá mun Olís leggja áherslu á breiðari þjónustu við fyrirtækjamarkað.

Hagar hafa skilað fullmótuðum tillögum til Reykjavíkurborgar í samræmi við stefnu borgarinnar um fækkun bensínstöðva. Tillögurnar gera ráð fyrir verslunarhúsnæði, íbúðarhúsnæði og bensíndælum á þeim lóðum sem félagið hefur sett í forgang. Unnið er að stefnumótun um verslanir Olís.

Í kjölfar breytinganna verða fimm meginstöðir innan Haga, en þær eru Bónus, Olís, Vöruhús, Bananar og sérserverslanir. Skipulagsbreytingarnar munu raungerast á næstu vikum.

Guðmundur Marteinsson er framkvæmdastjóri Bónus, Jón Ólafur Halldórsson er framkvæmdastjóri Olís, Kjartan Már Friðsteinsson er framkvæmdastjóri Banana og Lárus Óskarsson er framkvæmdastjóri Vöruhúsa. Innan Vöruhúsa verða Aðföng, Hýsing og Ferskar kjötvörur. Sigurður Reynaldsson verður framkvæmdastjóri sérserverslana. Innan sérserverslana verða Hagkaup, Útilíf, Zara og Reykjavíkur Apótek, en kaup Reykjavíkur Apóteks eru enn með fyrirvara og til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Á aðalskrifstofu félagsins verður Steingrímur H. Pétursson framkvæmdastjóri fjármála og viðskiptaþróunar. Guðrún Eva Gunnarsdóttir verður framkvæmdastjóri samstæðu og rekstrar. Þá er gert ráð fyrir ráðningu í tvær nýjar stöður. Annars vegar í stöðu leiðtoga upplýsingatækni og stafrænnar þjónustu og hins vegar í stöðu samskiptastjóra. Forstjóri er Finnur Árnason.



Skipurit Haga hf.